


Opinn íbúafundur

Haldinn var íbúafundur í Félagsgarði 1. mars sl. Góð mæting var á fundinn eða um 45 manns.

Nokkur mál voru kynnt fyrir fundargestum og má þar fyrst telja helstu niðurstöðutölur rekstrar sveitarfélagsins ársins 2011. Tekið skal fram að endurskoðun hafi ekki farið fram á reikningunum. Samkvæmt bókhaldi ársins eru tekjur um 128 milljónir, gjöld um 117 milljónir og hagnaður er því um 11 milljónir króna. Skipting gjalda á málaflokka verður kynnt hér myndrænt og í prósentuhlutföllum.



Kynnt var staða hitaveitumála í sveitarfélaginu, en búið er að bora nokkrar hitastigulsholur í landi Möðruvalla til að afmarka sem best þann stað sem bora á djúpu holuna. Kjósarhreppur sótti um lán til Orkusjóðs í apríl á síðasta ári vegna borunarinnar, svar barst nýlega um samþykki sjóðsins á láni upp á 29 milljónir og nú er bara beðið staðfestingar ráðuneytisins á því. Búið var að samþykkja tilboð frá Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða um borunina.

Fjóla Guðjónsdóttir forstöðumaður forvarna á tjónasviði Sjóvár upplýsti fundarmenn um hvað væri áhrifaríkast og ódýrast til að koma í veg fyrir innbrot og önnur skemmdarverk í sveitarfélaginu. Það sem skiptir mestu að hennar mati er öflug og vel skipulögð nágrennagæsla.

Kristján Hafsteinsson, Ingvar Bjarnason og Brjánn Jónsson komu frá Símafélaginu til að kynna farsímaþjónustu sína. Fundarmönnum var tíðrætt um skort á og lélega fjarskiptaþjónustu í hreppnum s.s. GSM-þjónustu, heimasíma, nettengingu og sjónvarpsútsendingar eru einnig víða lélegar. Niðurstaðan eftir þá umræðu var sú að eina lausnin á þessum vanda íbúa væri lagning ljósleiðara um sveitarfélagið. Vinna er nú þegar hafin í málinu.

Kynntar voru nokkra hugmyndir að viðbygginu við Félagsgarð en gámurinn sem er bak við húsið og nota á sem geymslu fyrir borð, stóla og annað sem ekki þarf að nota í húsinu, heldur hvorki vatni eða vindum og eigur sveitarfélagsins liggja þar af leiðandi undir skemmdum. Þess vegna var ákveðið að byggja þyrfti

geymsluhúsnæði í stað gámsins. Síðan var það stóra spurningin í framhaldi ef farið verður í slíka byggingaframkvæmdir hvort ekki þurfi að horfa til lengri tíma um t.d. að eldhúsið verði fært og á sömu hæð og salurinn, salerni fyrir fatlaða og svo frv. Gott væri að heyra í íbúum um málið, enda stórt.

Kynnt voru verkefni Kjósarstofa á árinu og eru þau að vanda metnaðarfull.

Að lokum kom fram hugmynd frá Kvenfélagi Kjósarhrepps um hvort Kjósarhreppur, sumarbústaðafélögin og kvenfélagið ættu ekki að sameinast um að kaupa nokkur hjartastuðtæki og hafa til staðar á nokkrum stöðum í þessu víðfema sveitarfélagi.